

101

8. júlí

10. gr.
 Á skipulagsskrá þessari skal beiðast konunglegrar staðfestingar, og hún birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

102

11. júlí

S A M Þ Y K K T

um lokunartíma sölubúða í Hólmavíkarkauptúni í Hólmavíkurhreppi.

1. gr.

Sölubúðum og sölustöðum í Hólmavíkarkauptúni skal lokað eftir því, sem ákveðið er í 2., 3. og 4. gr. samþykktar þessarar.

2. gr.

Alla virka daga skal sölubúðum og sölustöðum og vöruafgreiðslum lokað eigi síðar en kl. 7 síðdegis, og eigi opnaðar aftur fyrr en kl. 9 árdegis næsta virkan dag. Þó skulu vera þær undantekningar, er nú skal greina.

Á tímabilinu frá 1. júní til 1. september skal á föstudögum loka sölubúðum og sölustöðum kl. 8 eftir hádegi og á laugardögum kl. 1 eftir hádegi.

Aðfangadag jóla, gamlárskvöld, laugardaginn fyrir páska og hvítasunnu skal sölubúðum eigi lokað síðar en kl. 5 síðdegis.

Tvo síðustu virka daga fyrir aðfangadag jóla skal heimilt að halda opnum sölubúðum til kl. 11 síðdegis.

Afgreiðslur vöruskipa eru undanþegnar þessum ákvæðum, meðan ferming eða afferming stendur yfir, en að öðru leyti gilda ákvæði samþykktar þessarar, þær, sem og sölustaði jafnt og sölubúðir.

3. gr.

Almenna helgidaga þjóðkirkjunnar, sumardaginn fyrsta, 1. maí, 17. júní, 1. mánudag í ágúst og 1. desember, mega engar sölubúðir vera opnar.

4. gr.

Ef skortur er á eldsneyti í kaupúninu eða útlit fyrir að skortur geti orðið á því, er hreppsnefndinni heimilt að ákveða, að sölubúðum skuli lengri eða skemmri tíma lokað fyrr eða opnaðar síðar en kl. 9 á virkum dögum.

5. gr.

Verði brauð- og mjólkurbúðir stofnaðar, má eigi halda þeim opnum á jóladaginn, nýjársgdag, páskadaginn og hvítasunnudag. Aðra helgidaga þjóðkirkjunnar sem og fyrsta sumardag, 1. maí, 17. júní, 1. desember, fyrsta mánudag í ágúst, svo og á laugardögum á tímabilinu frá 1. júní til 1. september, mega brauðgerðar- og mjólkurbúðir vera opnar frá kl. 9 árdegis til kl. 3 síðdegis, eingöngu til sölu á brauði og kökum, mjólk og mjólkurafurðum. Að öðru leyti skulu sömu reglur gilda um lokun þeirra og sölubúða.

6. gr.

Heimilt skal að afgreiða til skipa og báta salt, kol, oliu, benzín og matvæli eftir lokunartíma, ef svo stendur á, að skipið eða báturinn hefur komið til kaupúnsins eftir lokunartíma og ætlar aftur burtu þaðan fyrir opnunartíma sölubúða. Einnig er heimilt að afgreiða til bifreiða benzín, ef eins stendur á.

7. gr.

Heimilt er að taka við afla skipa og báta og sömuleiðis sláturvörum að haustinu og innleggsvörum að vorinu, eftir lokunartíma sölubúða.

8. gr.

102

Eftir lokunartíma sölubúða er óheimilt að selja á götum eða torgum, eða annars staðar utan sölubúða kaupmanna, nokkurn þann varning, sem ekki má selja nema samkvæmt verzlunarleyfi. 11. júlí

9. gr.

Þá, sem komnir eru inn í verzlun fyrir lokunartíma, er heimilt að afgreiða eftir að lokað er.

10. gr.

Lögreglustjóra er heimilt, eftir tillögum hreppsnefndar, þegar sérstaklega stendur á, að veita undanþágu frá samþykkt þessari einstaka tilgreinda daga, og til þess að sala fari fram í góðgerðaskyni, eða til ágóða fyrir félög, stofnanir og fyrirtæki, sem að dómi lögreglustjóra horfa til almenningsheilla.

11. gr.

Brot á samþykkt þessari varða sektum frá 20 til 500 krónum, og renna sektirnar í sveitarsjóð. Mál út af brotum á samþykkt þessari, skal reka sem almenn lögreglumál.

Samþykkt þessi, sem gerð er af hreppsnefnd Hólmavíkurhrepps, staðfestist hér með, samkvæmt lögum nr. 17 1. febrúar 1936 til að öðlast gildi 15. júlí 1942 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 11. júlí 1942.

F. h. r.

Vigfús Einarsson.

Páll Pálmason.

Staðfesting ríkisstjóra á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Bjarna Þorsteins-sonar“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 16. júlí 1942. 103

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Bjarna Þorsteinssonar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Bjarna Þorsteinssonar, og er stofnaður með frjálsum samskotum af vinum hans, samkvæmt sérstöku stofnskjali.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 5925.00, og skal ávaxta sjóðinn á þann hátt, sem stjórn hans telur full tryggilegan.

3. gr.

Markmið sjóðsins er að styrkja starfandi iðnaðarmenn í járníðnaði til utanfarar, í þeim tilgangi að afla sér frekari menntunar í iðn sinni.